



Hluti Sveitarfélagsuppráttar Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024. Skipulagssvæðið merkt rauðum hring.


SKÝRINGAR

- Ofanbyggðarvegur
- Gönguleið
- Reiðleið
- Undirgöng
- Skipulagsmörk

Inngangur
Sveitarfélagið Rangárþing eystra leggur fram deiliskipulag fyrir hringtorg sem tengja mun Þjóðveg 1 og Ofanbyggðarveg norðan byggðar á Hvolsvelli. Áætlaður Ofanbyggðarvegur mun liggja norður fyrir byggðina þar sem hann mun tengjast Nýbýlavegi. Tenging er af Ofanbyggðarvegi að Íþróttasvæði (Íþ-128) þar sem megin hluti bílastæða við Íþróttasvæðið er skilgreint. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir göngu- og hjólastíg, neðan við Ofanbyggðarveginn sem tengist núverandi stígakerti sunnan Þjóðvegur og reiðvegur norðan við veginn. Smávægileg breyting er einnig gerð á legu megin reið- og gönguleiða þar sem þær þvera veg og undirgöng eru skilgreind fyrir reiðleið undir Þjóðveg norðan hringtorgs. Samhlíða deiliskipulagsvinnu er gerð breyting á Aðalskipulagi Rangárþings eystra. Stærð skipulagssvæðis er um 5,1 ha.

Aðdragandi og tilgangur
Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn
Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina nýjan veg sem mun tengja betur byggðina og Íþróttasvæði, auka umferðaröryggi, hægja og létta á umferð um Þjóðveg 1 sem liggur í gegnum þéttbýlið. Deiliskipulagið er sett fram á upprætti í málverkum 1:2000 og í greinargerð.

Forsendur
Íbúabráun
Í Rangárþingi eystra hefur orðið þó nokkur fólksþjón og á 3 árstjórnunni 2018 voru íbúar 1900 en í spá um íbúafjölda í gildandi aðalskipulagi kemur fram að áætlaður fjöldi, miðað við miðspá landsmeðaltals Hagstofunnar, árið 2024 séu 1930 íbúar.



Veitur
Hvolsvallarhlina 1 á vegum Landsnets liggur frá Tengivirkni við Austurveg norður í Búrfell. Samsíða henni liggur loftlína dreifikerfis Rarik. Línur fara þvert yfir ofanbyggðarveginn. Jarðstrengur Rarik liggur meðfram Þjóðvegi 1 í átt að Hellu og einnig er strengur frá tengivirknu sem liggur til norðurs og upp fyrir byggðina á Hvolsvelli.

Umferð
Eins og sjá má á línuritinu þá hefur umferð aukist talsvert á milli Hvolsgötu og Oddavegar og þeim mun meira inni í þéttbýlinu sjálfu en árið 2012 var áráðsumferð ríflega 2000 bílar á sólarhring en árið 2018 var talið hún rúmlega 4200 bíla á sólarhring. Til þess að létta á umferðinni um Hvolsvöll og tengja einnig betur norðurhluta þéttbýlisins sem og framtíðar íþróttasvæði þá er lagt til að gerður verður nýr vegur sem tengir saman Þjóðveginn og Nýbýlaveg.

Staðhættir og veðurfar
Skipulagssvæðið er í dag að óbyggt svæði en liggur að hluta í gegnum skógræktarsvæði sunnan við reiðvallasvæði Geysis. Landið er flatt og nokkuð opið fyrir norðlægm vindum.

Náttúruvá
Í aðalskipulagi Rangárþings eystra eru svæði undir náttúruvá ekkí afmörkuð sérstaklega en fram kemur að hætta á stórum jarðskjálftum sé hvergi meiri en á Suðurlandsundirlöndinu. Hvolsvöllur er í áhættuflokki 0,4g-0,5g. Engar sprungur eru þekktar á eða nærri skipulagssvæðinu. Hvað aðra náttúruvá varðar s.s. eldvirkni, vatnsflóð eða jökulhlaup er bent á viðvörðunarkerfi Veðurstofu Íslands og viðbragðsáætlun Almennavarna.

- Minjar**
Í tengslum við deiliskipulag þetta var farið í deiliskráningu fornminja við vegstæðið sem unnið af Fornleifastofnun Íslands. Skráðar voru 13 minjar sem allar voru metnar í stórhættu. Með tilliti til umræddra minja var vegstæðið fært til suðurs. Þær minjar sem skráðar voru eru eftirfarandi:
- RA-255:061 01 þúst - beitarhús
 - RA-255:061 02 þúst - beitarhús
 - RA-255:061 03 þúst - beitarhús
 - RA-255:061 04 þúst - óþekkt
 - RA-255:061 05 þúst - beitarhús
 - RA-255:061 06 tóft - beitarhús
 - RA-255:061 07 tóft - beitarhús
 - RA-255:061 08 tóft - beitarhús
 - RA-255:061 09 tóft - beitarhús
 - RA-255:061 10 tóft - beitarhús
 - RA-255:061 11 tóft - beitarhús

- Fornleif á fl. en 1 jörð**
- RA-651.005 heimild - leið
 - RA-651.006 heimild - leið

Tengsl við aðrar áætlanir
Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024
Í meginmarkmiðum aðalskipulagsins kemur m.a. fram:

- 3.4 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI**
- Lögd skal áhersla á bættar samgöngur í sveitarfélaginu öllu.
 - Þjóðvegur nr. 1 liggir áfram um þéttbýlið á Hvolsvelli. Unnið verði í samráði við Vegagerðina að endurbótum á umhverfi vegarins sem bæði taki mið af stöðu hans í miðbæ Hvolsvallar og hlutverki sem stofnbrautar.

Áætlunin stýður þau meginmarkmið sem sett eru fram í aðalskipulaginu en gera þarf breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 til samræmis við deiliskipulag þetta.

Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum
Sunnan við skipulagssvæðið er í gildi er deiliskipulag tengivirkis á Hvolsvelli sem samþykkt var 7.05.2018.

Í gildi er einni deiliskipulag íbúðarsvæðis norðan Hvolsvallar sem samþykkt var 17.04.2021.

Deiliskipulag
Hringtorg
Stærð og umfang hringtorgs er eftir hönnunarlíðningum Vegagerðarinnar um hringtorg í dreifbýli og er eftirfarandi:

- Þvermál 43 m.
- Akbraut 5,5 m.
- Yfirkeyranlegt svæði 2 m.

Miðevjur skulu vera hellulaðar og á öllum örmum hringtorgsins. Gert ráð fyrir þverum yfir veg bæði göngu- og reiðleið. Einnig er gert ráð fyrir göngum undir Þjóðveg norðan við hringtorg fyrir reiðleið.

Vegir
Þjóðvegur 1
Ofanbyggðarvegur
Áætlaður Ofanbyggðarvegur verður skilgreindur sem tengivegur

Veghelgun
Þjóðvegur 1 – 30 m beggia hliða frá miðlinu.
Ofanbyggðarvegur - 15 m beggia hliða frá miðlinu.

Göngu-, hjóla- og reiðleiðir
Nýr göngu- og hjóla- og reiðleiðir er skilgreindur neðan við Ofanbyggðarveg sem tenging frá íbúðarhverfi norðan byggðar á Hvolsvelli inn í dreifbýlið. Stígurinn skal vera að lágmarki 3 m frá veginum. Lega stígsins er sýnd til viðmiðunar á upprætti en útfærsla hans og lega skal taka mið af umferðaröryggi og legu lands. Megin gönguleið er skilgreind á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins meðfram Þjóðvegi 1 frá þéttbýlinu á Hvolsvelli. Leiðin liggur norðan við veg og göngulþverun yfir Þjóðveg 1 sýnd sunnan við hringtorgið.

Meginreiðleið er skilgreind á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins meðfram Þjóðvegi 1 frá þéttbýlinu á Hvolsvelli að sveitarfélagsmörkum við Eystri Rangá. Þverur reiðvegur við hringtorg er sunnan við hringtorgið og undirgöng norðan við.

Umhverfisáhrif
Framkvæmdin fellur undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lið 10.10. Þar sem segir að nýr vegir og endurbýgging vega sem ekki eru tilgreindir í töluútlíð 10.07, 10.08 eða 10.09 falli í flokk C. Í flokki C eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Viðmiðanir við mat á framkvæmdum eru tilgreindar í 2. viðauka sömu laga en framkvæmdin fellur ekki undir eða hefur áhrif á þá liði sem tilgreindir eru þar.

Helstu umhverfisáhrif nýrra veggenginga og hringtorgs eru á umferðaröryggi og á landnýtingu. Umferðaröryggi tóft þar sem dregið er úr hraða þó nokkur áður en komið er að þéttbýlinu auk þess sem umferð er dreift með nýjum Ofanbyggðarvegi. Göngu og reiðleiðir þvera Þjóðveg á tveimur örmum en einnig er gert ráð fyrir undirgöngum fyrir reiðleið norðan við hringtorgið. Landnýting breytist á því svæði sem fellur undir vegstæði hringtorgsins og breikkun vega að hringtorginu og innan veghelgunarsvæðis.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 2020 og í _____ þann _____ 2020

Tillagan var auglýst frá _____ 2020 með athugasemdafresti til _____ 2020.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2020

SR.	DAGS.	BREYTING	REKNI.	TEKNI.



Deiliskipulag Ofanbyggðavegar

DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR OG GREINARGERÐ	SKIPULAG: ÖÖG, DG, KUS
TEKNI: DG	TEKNI: NR.
SAMÞYKKT: ÖÖG	DAGS: 02.02.2021
KT	BR.
QVARTI 1:2000 A2	8613-DG-2001
VERUR:	01